STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1999

6. október 1999 1853 Nr. 648

# REGLUGERÐ

**um löggiltar iðngreinar.**

1. gr.

Í reglugerð þessari er kveðið á um hverjar skuli vera löggiltar starfsgreinar.

Um aðra þætti iðnnáms vísast til reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun og reglugerðar um sveinspróf svo og til aðalnámskrár framhaldsskóla og námskrár fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs.

2. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka sem hér segir:

*Bygginga- og mannvirkjagreinar:*
húsasmíði
húsgagnabólstrun
húsgagnasmíði
málaraiðn
múraraiðn
pípulagnir
veggfóðrun
*Farartækja- og flutningsgreinar:*
bifreiðasmíði
bifvélavirkjun
bílamálun
*Hönnun, listir, handverk:*
feldskurður
glerslípun og speglagerð
gull- og silfursmíði
hattasaumur
hljóðfærasmíði
kjólasaumur
klæðskurður karla
klæðskurður kvenna
leturgröftur
myndskurður
skósmíðaiðn:
  skósmíði
  skóviðgerð
steinsmíði
söðlasmíði
úrsmíði
*Matvæla- og veitingagreinar:*
bakaraiðn
framreiðsluiðn
kjötiðn
kökugerð
matreiðsla
mjólkuriðn
*Málm-, véltækni og framleiðslugreinar:*
blikksmíði
flugvélavirkjun
málmsteypa
mótasmíði
netagerð
rennismíði
skipa- og bátasmíði
stálsmíði:
  stálskipasmíði
  stálvirkjasmíði
  málmsuða, sérgrein
vélvirkjun:
  kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein
*Náttúrunýting:*
skrúðgarðyrkja

*Rafiðngreinar:*
símsmíði
rafeindavirkjun
rafveituvirkjun
rafvélavirkjun
rafvirkjun
*Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:*
bókband
ljósmyndun:
almenn ljósmyndun
persónuljósmyndun
prentsmíð
prentun
*Þjónustugreinar:*
hársnyrtiiðn
snyrtifræði
tannsmíði

3. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 2. gr. þessarar reglugerðar, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda senda menntamálaráðherra beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar starfsgreinaráðs viðkomandi iðngreinaflokks um erindið.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis.

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggiltri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms og starfsþjálfunar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi starfsgreinaráðs. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar viðkomandi starfsgreinaráða.

Eigi er skylt að halda uppi stöðugri kennslu í fámennum iðngreinum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 6. október 1999.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

Nr. 649 6. október 1999

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 175, 10. mars 1999, um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 1999.**

1. gr.

Á eftir orðunum: „óheimilt að stunda síldveiðar innan" í 2. mgr. 3. gr. kemur orðið: (vestan).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998 til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*